

Á Kjarvalsstöðum voru í gærkvöldi opnaðar sýningar á verkum tveggja myndlistarmanna, Rúriar og Ólafs Elíasonar. Sýning Rúriar í vestursal Kjarvalsstaða er langviðamesta sýning hennar til þessa, þekur eina 500 fermetra af rými og er skipt upp í sex hluta.

Ólafur Elíasson hefur á síðustu árum vakið athygli í hinum alþjóðlega myndlistarheimi. Hann er íslenskur að uppruna, fæddur og uppalinn í Danmörku og býr nú í Berlín. HULDA STEFÁNSDÓTTIR fjallar um sýningarnar og ræðir við listamennina.

DRÖG AÐ FRAMTÍÐ?

PARADÍS? – Hvenær? er yfirskrift sýningar Rúriar í vestursal. Í þessu stóra umhverfisverki eru helstu miðlar samtímans nýttir til að lýsa ógnum og afleiðingum stríðsátaka í samtímanum. Eftir sínum eigin sjónrænu leiðum reynir listakonan að vekja athygli áhorfendans á þeim ótta og hryllingi sem stöðugt vómir yfir heiminum. Saga 20. aldarinnar er samfelld stríðssaga. Saga um það hvernig tortryggni og hatur í garð framandi trúarbragða og hugmyndafræði hefur endurtekið leitt af sér eyðileggingu landsvæða og dauða eða örbirgð milljóna manna. Síðasti áratugur er engin undantekning. Allt frá Persaflóastríðinu í upphafi áratugarins, áframhaldandi stríðserjum á Írlandi, stríðinu í Rúganda og í Bosníu-Herzegovínu, þar sem mál hafa enn ekki verið leidd til lykta.

„Við eigum öll von um að heimurinn fari batnandi, en þegar maður horfir yfir öldina þá spyr maður sig hvað sé eiginlega að gerast? Hvenær fer ástandið batnandi? Við verðum að hugsa heildrænt um ástandið í heiminum. Upplýsingatækni nútímans gerir það að verkum að við komumst ekki lengur upp með að skilja eina þjóð frá heildinni og láta hana okkur litlu varða,“ segir Rúrí. „Við tökum ekki fortíðina aftur, en spurningin er hvaða drög við viljum leggja að framtíðinni. Ef það væri augljós vilji fjöldans að breyta þessu ástandi þá má vel vera að ráðamenn yrðu ekki eins fljótir að grípa til vopna.“

Sýninguna ber upp á 50 ára afmælisári Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er framlag listakonunnar til friðarumræðna í heiminum. Hafa erlendir aðilar sýnt því áhuga að fá sýninguna til sín í framhaldinu. Þýski listfræðingurinn Dorothea van der Koelen ritar ýtarlega grein um verkefnið og list Rúriar í sýningarskrá. Í tengslum við sýninguna gengst Mannréttindaskrifstofa Íslands fyrir málþingi í samvinnu við Amnesty International og Rauða Krossinn á Íslandi, í dag, laugardaginn 14. mars, á Kornhlöðuloftinu, kl. 14.

Tími og ógnir

Tíminn er á stöðugri hreyfingu og breytingum undirorpin. Ummerki tímans koma hins vegar fram á ólíkan hátt og á mismögnum tíma. Kenningu sína um afstæði alls og hugmyndir um tímann og ógnir hans hefur Rúrí tjáð með einum eða öðrum hætti á ferli sínum. Þegar að er gætt reynist umhverfisverkið **PARADÍS?** – **Hvenær?** í mun nánari tengslum við eldri verk listakonunnar en í fyrstu kann að virðast. Hugmyndirnar hafa aldrei verið settar fram á eins beinskeyttan hátt. Rúrí vinnur skipulega að niðurröðun og framsetningu ólíkra efnispátta, flokkar, raðar og númerar, – myndgerir þetta ósýnilega hugtak, tímann og það sem í honum felst. Upphaf og endir, endurtekning og óend-anleiki. Við erum minnt á fortíðina og þeirri spurningu er varpað fram hvaða drög við viljum leggja að framtíðinni.

Í verki sínu, *Desolation*, frá árinu 1984 vann Rúrí afsteypu af rústum byggingar sem hún gekk fram á í yfirgefinni borg. Byggingarústunum var síðan komið fyrir á Kultorvet í Kaupmannahöfn þar sem verkið vakti mikla athygli vegfarenda. Í framhaldinu vann Rúrí fjölmörg ljósmyndaverk af rústum bygginga undir heitinu Tími. Í verkinu Saklaus? frá árinu 1993 varpar sýningarvélina á vegg myndum af gömlum meistaraverkum listasögunnar sem lýsa stríði og átökum.

Svokölluð *Metra* verkið Rúriar, þar sem tommustokkurinn er endurtekið notaður í ýmsum myndum; *Fimm metrar*, *Njú metrar*, *Fermetri*, fjalla um gildi og afstæði þeirra. Hið óumdeilanlega gildi metrans getur við ákveðnar aðstæður orðið umdeilt og afstætt. Afstæðiskenning Rúriar hljóðar upp á það að allt geti verið afstætt. „Reynsla okkar og skilningur er alltaf háð umhverfi og sjónarhorni þess sem



Á sýningunni **PARADÍS?** – **Hvenær?** sem opnuð var á Kjarvalsstöðum í gærkvöldi vekur myndlistarkonan Rúrí athygli á hinni stöðugu ógn og skelfingu stríðsátaka sem voma yfir heiminum. „Þegar maður horfir yfir öldina þá spyr maður sig hvað sé eiginlega að gerast! Hvenær fer ástandið batnandi?“

horfir. Einnig tímanum og einstaklingnum sem horfir. T.d. getur einföld mælieining eins og metrinn átt sér mörg birtingarform. Það sem táknar metra hjá múhameðstrúarmanninum getur verið merkingarlaust í augum kaþólikkans og öfugt.“

Sýningin **PARADÍS?** – **Hvenær?** á sér því langan aðdraganda og líkt og eldri verk listakonunnar þá er inntak þessara verka hinar stöðugu breytingar tímans. Segja má að grunnur verkefnisins hafi verið lagður árið 1994, en allt það ár safnaði Rúrí blaðaúrklippum úr Morgunblaðinu um stríð í heiminum. Þessar blaðaúrklippur eru nú á sýningunni ásamt upprunalegum fréttatexta frá Reuter og dagbókabrotum listakonunnar. Í raun er ekkert verkanna fullgert og sýningin mun halda áfram að vaxa og breytast allt frá opnun til sýningarloka. Og áfram í hvert sinn sem verkin verða sýnd í framtíðinni. Tæknin sem Rúrí styðst við er margþætt; bæði innsetningar, umhverfisverk með myndböndum og hljóði, tölvur, hlutir, ljósmyndir og fjölmargar skriflegar og tölulegar upplýsingar. Margir aðilar hafa komið að undirbúningi verkefnisins og hefur Rúrí m.a. leitað til Mannréttindaskrifstofu Íslands; Amnesty International og Rauða krossins. Þannig er ljósmyndaverkin 15 á sýningunni eftir þrjá höfunda; Þorkel Þorkelsson, ljósmyndara á Morgunblaðinu, Irenu Guðrúnu Kodic og Rúrí.

Hvað skyldi hafa orðið af þessu fólki?

Meginviðfangsefni sýningarinnar eru þau átök sem standa næst okkur í tíma og rúmi, stríðið í Bosníu-Herzegovínu og í Rúganda. Í upphafi árs ferðaðist Rúrí ásamt kvikmynda-tökumanni um hluta Bosníu-Herzegovínu og

viðaði að sér heimildum fyrir sýninguna, bæði ljósmyndum og myndbandsupptökum.

„Átökin sem nú standa yfir í Kosovo höfðu ekki hafist þá og allt var með kyrrum kjörum. Engu að síður var ástandið hörmulegt og eyðileggingin yfirgengileg. Þetta fólk bjó áður við öll sömu þægindi og við en nú eru þetta rústir einar. Maður gæti ímyndað sér að þessar mannvistarleifar væru aldagamalar ef ekki væri fyrir hinn nútímalegan arkitektúr; þvottavélar og þurrkara. Og hvað skyldi hafa orðið um þetta fólk?“ spyr Rúrí. „Í Sarajevo blóstu við sundurskotin háhýsi um allt. Ef vel var að gætt mátti sjá þvott úti á snúru! Margir hverjir voru að reyna að koma sér fyrir aftur í íbúðum sínum, því þeir hafa ekki í annað skjól að venda. Samt er það hjómið eitt að koma þarna nú og lesa stríðssöguna úr ummerkjunum hjá reynslu íbúa þessa lands.“

Við innkomu í sýningarsalinn blasir fyrst við spjaldskrá er hefur að geyma upplýsingar um fórnarlömb stríðs í heiminum á síðustu 10 árum. Rúrí hefur þegar aflað sér upplýsinga um 100.000 fórnarlömb og bendir á að sá fjöldi sé aðeins lítið brot af stærri og enn meira ógnvekjandi heildarmynd.

„Það er kannski minn barnaskapur að halda að upplýsingar um fórnarlömb stríðs í heiminum séu aðgengilegar, það hefur verið gríðarlega erfiður róður að safna saman þessum upplýsingum. Fórnarlömbin eru margfalt fleiri en þau 100.000 sem mér hefur tekist að afla mér upplýsinga um. Sem dæmi þá voru flóttamenn í heiminum um mitt síðasta ár taldir vera um 13 milljónir. Ég hef þurft að fara ýmsar krókaleiðir og það virðist ekki vera hægt að nálgast þessar upplýsingar á einum ákveðnum stað. Sú

ályktun sem ég dreg af þessu er að yfirvöld þessara landa sem eiga í stríði reyni vísitandi að halda upplýsingunum leyndum.“

Hver einstaklingur getur haft áhrif

Í einum hluta sýningarinnar gefst gestum aðgangur að upplýsingum í gegnum tölvur. Þar er bæði heimasíða sýningarinnar með ítarlegri upplýsingum um verkefnið og eldri verk listakonunnar ásamt tengingum um alnetið við heimasíðu Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossinn, Amnesty International og fjölmiðla eins og The Washington Post.

Í myrkvöldum klefa stendur áhorfandinn andspænis andlitum íbúa Bosníu-Herzegovínu. Lit-skyggnum í líkamsstærð er varpað á vegg með reglulegu millibili.

„Það er vonleysi í andlitum þessa fólks og vonleysið getur verið svo mikið að það er eins og fólkið sé í raun komið yfir vonleysið. Maður fær sterkt á tilfinninguna að þau búi yfir óhugnanlegri reynslu. Og börnin eru öðruvísi. Ég veit ekki hvort þetta fer af með tímanum. Ef þeim tekst að gleyma þá tekur það eflaust langan tíma.“

Aðspurð um eigin væntingar til sýningarinnar segir Rúrí að hún hefði aldrei ráðist í svona stórt verkefni nema hún hefði einhvers staðar undir niðri þá trú að sýningin skipti máli. „Ég er að reyna að leggja mitt lóð á vogarskálarnar. Vilji og hugsun er orka sem við getum notað, rétt eins og rafmagn, þó hvorugt getum við séð með berum augum. Ég álit að ef við erum meðvitað fyrir því þá getum við breytt ríkjandi ástandi. Þegar að allir leggjast á eitt þá getur jafnvel hið smáa haft áhrif.“